

að, sem af áfrýjun þess leiðir, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, Halldór að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Vigdýs að $\frac{1}{4}$ hluta.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við landsyfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Halldór Halldórsson, á að sæta betrunarhússvinnu í 1 ár, en meðákærða, Vigdýs Valgarðsdóttir, fangelsi við vatn og brauð í 2 daga. Svo greiði hin ákærðu allan af málinu í hjerði löglega leiðandi kostnað, svo og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 kr. til hvors þeirra, Halldór að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Vigdýs að $\frac{1}{4}$ hluta.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 5/1887.

Alþingismaður Jón Ólafsson
geggn
bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Með dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur-kaupstaðar 16. dag desembermán. f. á., var áfrýjandi þessa máls, alþingismaður Jón Ólafsson, dæmdur til að greiða hinum stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni, reiknings-

skuld að upphæð 122 kr. 95 aura með 5% vöxtum frá 28. september 1886, þangað til hann greiddi nefnda upphæð, svo og 10 kr. í málskostnað. Til þess að fullnægja þessum dómi, fram fór fúgetagjörð hjá áfrýjanda 3. jan. p. á.

Nefndum dómi og fúgetagjörð hefur alþingismaður Jón Ólafsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 14. jan. p. á., og krafizt að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum hins stefnda, og að fúgetagjörðin verði ónýtt eða úr gildi numin, en hinn stefndi dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum dómum með að minnsta kosti 150 krónum.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur og fúgetagjörð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum eða einhverju nægilegu.

Fyrir ónýting eða ómerking fúgetagjörðarinnar hefur áfrýjandi talið sem ástæðu, að gjörðin beri það ekki með sjer, að *terminus executionis* hafi verið liðinn, þegar hún var gjörð; en þetta er ranghermt, því á dómsútskript þá, er fram var lögð við fúgetagjörðina, er ritað vottorð hlutaðeigandi stefnuvotta um, að dómurinn hafi verið birtur Jóni Ólafssyni 18. desbr. f. á., og hefur *terminus executionis* því verið liðinn 3. jan. 1887, og er því engin ástæða til að dæma fúgetagjörðina ómerka.

Mál þetta er risið út af skuld, er hinn stefndi telur til hjá áfrýjanda, að upphæð 122 kr. 95 aur., og sem hann tjáir að sje þannig undir komin, að áfrýjandi hafi tekið að láni við bóka- og pappírsverzlun sína ýmislegt, svo sem bækur, pappír o. fl., og þar að auki hafi hann

fengið lánaðar hjá sjer 20 kr. í peningum. Reikningur sá, sem hinn stefndi hefur lagt fram, nær yfir árið 1885 og fyrra part ársins 1886. Þessum reikningi hefur áfrýjandi þegar í fyrsta varnarskjali sínu fyrir bæjarþingsrjetti neitað með svofelldum orðum: »Hinum framlagða reikningi neita jeg gjörsamlega, sem ósönnum og röngum og hæfulausum. Að því sem hann tekur til ársins 1885, neita jeg honum undantekningarlaust lið fyrir lið«.

Það er hvorttveggja, að svofelld neitun er of óákveðin, með því að áfrýjandinn eigi hefur gjört grein fyrir því fyrir undirrjettinum, hvort hann mótmæli reikningnum af því, að hann hafi ekki fengið vörur þær, sem hann er krafinn um borgun fyrir, eða af því að hann hafi borgað þær síðar í peningum eða á annan hátt, og á hinn bóginn hefur hann síðar með málsfærslu sinni að nokkru leyti ónýtt þessa almennu neitun, og loks eru sumar neitanir hans fyrir yfirdómi of seint fram komnar.

Áfrýjandinn hefur kannazt við, að hann hafi fengið hjá stefnda »Skovstrup Folk« fyrir kr. 2,75 (á reikningnum sub $\frac{2}{4}$ 1886); hann hefur boðizt til að borga kr. 1,20, sem tilfært er á reikningnum 17. og 24. febr. og 16. marz 1885; hann hefur játað að hafa fengið meiri hlutann af ritinu »Nutiden« fyrir 18^{85/86} eða það, sem út hingað var komið af árganginum, þegar mál þetta var höfðað, og kemst hann því eigi hjá að greiða andvirði hans 12 kr., því að hann hefur eigi hnekkt sögusögn stefnda um, að borgun fyrir blaðið hafi þá verið komin í gjalddaga. Áfrýjandi hefur eigi sjerstaklega neitað því fyr en um seinan, að hann hafi fengið að láni hjá stefnda þær 20 krónur, sem honum eru

taldar til skuldar hinn 17. maí 1886, nje heldur ritföng þau, sem talin eru út tekin 14. og 20. febrúar 1885, og færð eru til skuldar með 2 kr.; kemst hann því eigi hjá að verða dæmdur til að greiða þessar upphæðir. Þá er andvirði prent-pappírs þess, sem áfrýjanda er talið til skuldar í reikningnum, að upphæð 120 kr., þó svo að frá þessari upphæð ber að draga þær 35 kr., sem viðurkennt er að hann hafi borgað upp í pappírinn. Með því að áfrýjandinn hefur kannast við, að hann hafi fengið prent-pappír hjá stefnda, sem og er sannað á annan hátt, og með því að hann eigi afdráttarlaust hefur neitað því fyr en um seinan, að hann hafi fengið allan þann pappír, sem hann er krafinn um borgun fyrir, og hann á hinn bóginn eigi hefur sannað gegn neitun stefnda, að hann hafi borgað þennan pappír eða nokkuð af honum *in natura*, þá verður yfirdómurinn að vera hjeradsdómaranum samdóma um það, að hann geti eigi heldur komizt hjá að greiða sem eptirstöðvar af andvirði fyrir pappírinn 85 kr. — Þar sem áfrýjandinn telur sig eiga hjá hinum stefnda 4 kr. 50 au. fyrir 3 enskunnámsbækur, er hann hafi lánað honum, þá hefur hinn stefndi mótmælt kröfu þessari fyrir þá skuld, að hann hafi borgað bækurnar sama daginn og hann fjekk þær, og hefur þessu eigi nægilega verið mótmælt af áfrýjanda.

Af þessum ástæðum ber að taka dómkröfu stefnda til greina, og því að staðfesta bæjarþingsdóminn. Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður krafa áfrýjanda um ógilding hinnar áfrýjuðu fógetagjörðar ekki tekin til greina. Eptir málavöxtum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er skal ákveðinn 12 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og fógetagjörð skulu vera óröskuð. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, alþingismaður Jón Ólafsson, stefnda, Kr. Ó. Þorgrímssyni, 12 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 7/1887.

Hið opinbera
gegn

Ingjaldi Sigurðssyni, Þórði
Jónssyni og 27 öðrum.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, gengnum 10. dag aprilmán. f. á., voru þeir menn, sem nú skulu nefndir, dæmdir til sekta fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt fyrir Rosmhvalaness-hrepp innan Skaga, Vatnsleysustrandar-, Garða-, og Bessastadahreppa, dags. 9. júní 1885: 1. Ingjaldur Sigurðsson í 70 kr. sekt; 2. Þórður Jónsson í 140 kr. sekt; 3. Þórður Guðmundsson í 240 kr. sekt; 4. Sigurður Andrjesson í 80 kr. sekt; og 5. Guðmundur Einarsson, 6. Erlendur Björnsson, 7. Jón Á. Gíslason, 8. Ámundi Ámundason, 9. Hermann Einarsson, 10. Jón Þórðarson, 11. Jón Ólafsson, 12. Guðmundur Sigurðsson, 13. Sigurður Einarsson, 14. Pjetur Sigurðsson, 15. Ólafur Guðmundsson, 16. Sigurður Jónsson í Mýrarhúsum, 17. Jón Jóhannesson, 18. Brynjólfur Bjarnason, 19. Otti Guðmundsson, 20. Björn Björnsson, 21. Ólafur Ingimundsson, 22. Narfi